

sínum þegar í stað. Samkvæmt þessu er kæra sóknaraðilja rakalaus, og verða kröfur hennar eigi teknar til greina.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðiljunum Bjarna K. Bjarnasyni og Einari Arnalds kærumálskostnað, kr. 1000.00 hvorum. Eigi þykja efni til að dæma stefnda og réttargæzlustefndu í héraði kærumálskostnað, þar sem kröfur eru eigi gerðar á hendur þeim né til breytingar dómsathafnar í héraði.

Kæra máls þessa til Hæstaréttar, sem var bersýnilega ófyrirsynju, er vítaverð.

### Dómsorð:

Varnaraðiljar, Bjarni K. Bjarnason og Einar Arnalds, eiga að vera sýknir af kröfum sóknaraðilja, Karólinu Jósefsson, í máli þessu, og greiði sóknaraðili hvorum þeirra kærumálskostnað, kr. 1000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 7. nóvember 1958.

Nr. 9/1958. **Ákærvaldið** (Guðmundur Ásmundsson hrl.)  
 gegn  
**Gizuri Karli Guðmundssyni**  
 (Ólafur Þorgrímsson hrl.).

**Dómendur:**

hæstaréttardómaramennir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinson, Jón Ásbjörnsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Umferðarlagabrot.

### Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og er háttsemi ákærða færð þar til rétttra ákvæða laga, er þá giltu. Eftir uppsögn héraðsdóms hafa lög nr. 23/1941 um bifreiðar og lög nr. 24/1941 um umferð verið numin úr gildi. Brot

ákærða gegn þeim lögum varða samkvæmt 2. gr. laga nr. 19/1940 nú við 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. sbr. 80. og 81. gr umferðarlaga nr 26/1958. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 þykir mega staðfesta héraðsdóminn að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00 til hvors.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Gizur Karl Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Guðmundar Ásmundssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 3500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. desember 1957.

Ár 1957, þriðjudaginn 3. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5657/1957: Ákærvaldið gegn Gizuri Karli Guðmundssyni, sem dómtekið var 16. nóvember s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 19. september s.l., gegn Gizuri Karli Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Vatnsendabletti 163, hér í bæ, fyrir líkamsmeiðingu af gáleysi og ógætilegan bifreiðarakstur samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 27. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941, 46. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930 og 1. tl. 7. gr., sbr. 9. gr. reglugerðar um gerð og notkun bifreiða nr. 72/1937. Þykir ákærði hafa orðið brotlegur við téð lagaákvæði, með því að hafa: 1. um kl. 14.00 föstudaginn 22. marz s.l. ekið vörubifreiðinni R 6985 norður Rauðarárstíg og vestur Flóka-

götu, án þess að sýna nægilega aðgæzlu við aksturinn með þeim afleiðingum, að tengivagn, sem festur var aftan í bifreiðina, rakst í dreng á reiðhjóli, Leif Jónsson, á mótum Rauðarárstígs og Flókagötu, og slasaðist hann við ákeyrsluna, hlaut m. a. höfuðkúpubrot.

2. mánudaginn 2. september s.l. um kl. 17.00 ekið bifreiðinni R 6985 austur Skúlagötu og sveigt henni í átt að innkeyrslu Landsmiðjunnar, án þess að huga nægjanlega áður að umferð eftir Skúlagötunni, með þeim afleiðingum, að bifreiðin rakst á bifreiðina R 524, sem í þessu var ekið fram úr bifreið hans.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. júlí 1931 í Reykjavík. Árið 1950 hlaut hann áminningu fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga og frá árinu 1954 til ársloka 1956 hefur hann verið sektaður með dómsáttum 6 sinnum fyrir brot gegn umferðarreglum, frá 50—800 kr. í hvert sinn. Loks hefur hann verið sektaður 4 sinnum fyrir ölvun og fleira á árinu 1950 frá 100—200 kr. í hvert sinn.

Málavextir eru þessir:

#### I.

Föstudaginn 22. marz s.l. kl. 14.00 var lögreglunni tilkynnt, að þá skömmu áður hefði orðið umferðarslys á gatnamótum Rauðarárstígs og Flókagötu. Er lögreglan kom á vettvang, var búið að færa Leif Jónsson, 10 ára að aldri, er slasast hafði, á sjúkrahús. Sömuleiðis hafði reiðhjól það, sem hann hafði verið á, verið flutt burt. Slysið hafði orðið með þeim hætti, að tveir drengir höfðu komið akandi á reiðhjólum norður Rauðarárstíg. Í sömu átt á eftir þeim norður götuna hafði komið stór, græn vörubifreið með vagni aftan í. Er að gatnamótum Flókagötu kom, hafði bifreiðinni verið beygt vestur Flókagötu, en þá hafði vagninn, sem var aftan í bifreiðinni, rekizt á þann drenginn, sem hjólaði á undan, með þeim afleiðingum, að hann skall í götuna. Bifreiðinni var ekið áfram vestur Flókagötu og töldu sjónarvottarnir, að bifreiðarstjórinn hefði ekki orðið var við slysið. Ekki sáust nein vegsummerki eftir slysið á götunni. Lögreglan hafði tal af ákærða í vörugeymslu Landssímans við Íþróttavöllinn skömmu eftir slysið. Viðurkenndi ákærði að hafa ekið umrædda leið á þeim tíma, er slysið varð, en kvaðst ekki hafa tekið eftir drengjunum á reiðhjólunum, er farið var fram

hjá þeim, en aftur á móti hefði farþegi í bifreið hans gert það. Greinilegt far sást á vinstra hjólbarða umrædds vagns, sem gat verið eftir reiðhjólið, þar sem sami litur var á málningunni, sem var á farinu á hjólbarðanum og á reiðhjólinu, sem drengurinn var á. Við nánari athugun á tengivagninum kom í ljós, að á hjólbarða hans fannst grænn málningarlitur á upphleyptum tigli, sem var á utanverðum hjólbarðanum. Á þessum sama tigli fannst einnig rauður málningarblettur. Við smásjárathugun á tiglinum kom í ljós, að bronz var í græna litnum. Við skoðun á reiðhjólinu kom í ljós, að það er dökkgrænt að lit með bronsi í litnum. Varð ekki annað séð en liturinn á reiðhjólinu væri eins og sá, sem fannst á hjólbarðanum. Við nánari athugun á reiðhjólinu kom í ljós, að farangursgrind, sem er yfir afturhlíf hjólsins, er töluvert skröpuð hægra megin. Gæti það verið verið eftir hjólbarða hins margnefnda tengivagns, er var aftan í bifreiðinni R 6985.

Er slysið varð, var hjart veður og færi blautt. Yfirborð vegarins á slysstaðnum er malbikað. Bifreiðin R 6985 er 14 farþega vörubifreið og er af Chevrolet gerð, eign bæjarsímans hér í bæ. Bifreiðin er 2,35 metrar á breidd og er það hámarksbreidd, sem leyfð er án undanþágu. Breidd tengivagnsins er 2,42 metrar, og hafði undanþágu fyrir notkun hans ekki verið fengin hjá bifreiðaeftirlitinu. Tenging vagnsins við bifreiðina var óaðfínnaleg. Bifreiðin var í lagi að öðru leyti en því, að handhemill var slakur og afturljós í ólagi. Stýrið er vinstra megin á bifreiðinni og hún er með vökvaprýstihemlum.

Ákærði hefur skýrt svo frá matsatvikum, að hann hafi verið að koma utan af Seltjarnarnesi á bifreiðinni R 6985, er umrætt slys varð. Vagn með jarðkabalsrúllu hafði verið tengdur aftan í bifreiðina og átti ákærði að fara með rúlluna að afgreiðslu símans við Loftskéyfastöðina. Áður átti hann að koma við á gatnamótum Gunnarsbrautar og Flókagötu og taka tvo menn, sem áttu að aðstoða hann við að skipta um aftanívagn. Ákærði ók af Miklubraut norður Rauðarárstíg. Telur hann sig hafa ekið með 20—30 km hraða norður götuna. Kvað hann hér vera um ágizkun hjá sér að ræða, þar sem hann hafi ekki gáð á hraðamælinn. Þegar ákærði nálgast gatnamót Flókagötu, hægði hann ferðina og skipti niður í þriðja gír. Er hann ók út í gatnamótin og beygði vestur Flókagötu, tók hann beygjuna víða vegna aftanívagnsins. Ákærði varð ekki var við neinn hjólreiðamann þarna við gatnamótin og hann varð ekki var

við, að neitt óvenjulegt kæmi fyrir. Stýri bifreiðarinnar er vinstra megin og var ákærði að tala við Gunnar Björgvinsson, er sat hægra megin við hann í framsætinu. Ákærði kvaðst hafa samtímis verið að skima eftir mönnum þeim, er hann átti að ná í. Að öðru leyti var ekkert, sem truflaði hann við aksturinn. Ákærði kvaðst oft gá í spegil, sem er á vinstri hlið stýrishússins, er hann tekur beygjur, en í þetta skipti telur hann sig ekki hafa gert það, vegna þess að athygli hans beindist að gatnamótunum, er hann beygði. Ákærði neitaði því alveg að hafa orðið var við það, að nokkuð kæmi utan í vagninn eða bifreiðina þarna á gatnamótunum og félagi hans hafði ekki orð á því. Ákærði kvað skröлта mikið í vagninum, er hann er dreginn. Ákærði beygði af Flókagötu norður Gunnarsbraut og ók síðan vestur Njálsgötu og svo, er á Laugaveg kom, áleiðis vestur þá götu. Á móts við Stjórnubíó við Laugaveg tók hann upp í bifreiðina menn þá, er hann hafði verið að leita að og ók að því búnu að afgreiðslu símans við Loftskæptastöðina á Melunum. Er skipt hafði verið þar um aftanívagn, kom lögreglumaður á vettvang. Við athugun á vinstra afturhjólum vagnsins kom í ljós, að græn málning var á hjólbarðanum. Ákærði kvaðst ekki vita, hvernig eða hvenær málningin hefði komizt á hjólbarðann. Ákærði kvaðst ekki geta gert nánari grein fyrir umræddu slysi, en hann kvaðst enga ástæðu hafa að draga í efa, að slys þetta hafi átt sér stað í sambandi við farartæki sitt. Ákærði kvaðst hafa verið vel fyrirkallaður að öllu leyti við aksturinn Hann vissi ekki annað en bifreið sín væri í lagi að öðru leyti en því, að á hana vantaði afturljós.

Vitnið Gunnar Björgvinsson verkamaður, Vífilsgötu 15, hér í bæ, er var með ákærða í bifreiðinni R 6985, hefur skýrt frá í verulegum atriðum á sama hátt og ákærði. Vitnið kvað ákærða hafa ekið hægt í umrætt skipti, en hann eigi vanda til að aka nokkuð hratt. Vitnið kvaðst ekki treysta sér til að segja til um, með hvaða hraða ákærði hafi ekið norður Rauðarárstíg. Vitnið taldi, að ákærði hefði ekið það hægt norður Rauðarárstíg, að hann hafi ekki hægt ferðina, er hann beygði vestur Flókagötu. Er ákærði var um það bil að beygja af Rauðarárstíg vestur Flókagötu, kvaðst vitnið hafa veitt tveimur drengjum athygli, er óku á reiðhjólum norður Rauðarárstíg eða héldu í sömu átt og þeir ákærði. Drengir þessir óku hægt og eðlilega í alla staði og voru á sínum vinstri vegjaðri. Drengirnir hjóluðu hvor á eftir öðrum og var stutt á milli þeirra. Vitnið kvaðst ekki geta

sagt um það, hve langt ákærði átti ófarið að gatnamótunum, er það kom auga á þá. Vitnið veitti drengjunum ekki athygli, er ákærði ók fram hjá þeim. Er ákærði beygði af Rauðarárstíg inn á Flókagötu, varð vitnið ekki vart við annað en allt gengi með felldu. Vissi vitnið ekki um það þá, að slys hefði orðið þarna á gatnamótunum. Var það ekki fyrr en komið var vestur að Loftskéyfastöð. Frá slysstaðnum ók ákærði að sögn vitnisins leið þá, er að framan hefur verið skýrt frá í framburði ákærða, og voru menn þeir, er ákærði átti að sækja, teknir upp í bifreiðina á Laugavegi við Stjörnuvíó. Vitnið kvað sér ekki hafa dottið annað í hug en ákærði tæki eftir drengjunum á Rauðarárstíg og vakti það því ekki athygli hans á þeim. Ákærði hafði ekki orð á því við vitnið, að hann hefði orðið var við drengina og varð vitnið ekki vart við það á neinn hátt, að hann yrði slyssins var. Ákærði og vitnið voru að tala saman, er slysið varð. Vitnið kvað nokkurt skrölt hafa verið í vagni þeim, er bifreiðin dró.

Vitnið Garðar Svavarsson, Skúlagötu 54, 10 ára að aldri, hefur skýrt frá því, að þeir Leifur Jónsson hafi verið að koma á reiðhjólum frá Rauðará eða nyrzt af Rauðarárstíg, er umrætt slys varð. Þeir höfðu ekið suður Snorrabraut upp á Miklatorg, beygt austur Miklubraut og ekið svo af henni norður Rauðarárstíg. Voru þeir á leið heim til Leifs. Vitnið kvað þá hafa hjólað hægt norður Rauðarárstíg og var vitnið skamman spöl á eftir Leifi. Er Leifur var að koma að gatnamótum Rauðarárstígs og Flókagötu, sá vitnið stóra tvílita vörubifreið með vagni aftan í, sem á var kabalrúlla, aka fram með hægri hlið þess. Ökumaður bifreiðarinnar gaf ekki hljóðmerki. Vörubifreiðinni var beygt til vinstri vestur Flókagötu fyrir Leif. Við það snerist vagninn um leið og skipti engum togum, að vinstri hlið hans lenti á framhjólinu á reiðhjóli Leifs. Við það féll Leifur ásamt hjólinu í götuna, frá vagninum eða á vinstri hliðina. Vitnið kvaðst hafa séð örugglega, að vagninn lenti hvorki á Leifi eða hjólinu. Vörubifreiðinni var ekið hægt að sögn vitnisins, og að slysinu afstöðnu var henni ekið hiklaust brott. Vitnið sá ekki skrásetningamerki bifreiðarinnar, en kvaðst hafa þekkt, að hún var frá símanum. Leifur lá í götunni meðvitundarlaus, að slysinu afstöðnu, á suðvesturhorni gatnamótanna. Lá hann á hliðinni og sneru fætur hans í suðurátt, en höfuðið í norður og vísaði andlit hans að gangstéttinni, sem hann lá við. Vitnið varð ekki vart við, að Leifur hemlaði reiðhjólinu fyrir slysið.

Vitnið Leifur Jónsson, Rauðarárstíg 7, fæddur 8. marz 1947, er fyrir slysinu varð, hefur skýrt frá því, að þeir Garðar Svavarsson hafi hjólað leið þá, er framangreint vitni hefur skýrt frá, áður en á Rauðarárstíg kom. Voru þeir á leið heim til vitnisins. Vitnið hjólaði á undan norður Rauðarárstíg, en Garðar rétt á eftir. Vitnið hélt sér alveg á sínum vinstri vegarhelmingi og fór frekar hægt, enda kvaðst það ekkert hafa verið að flýta sér. Bifreiðum hafði verið ekið fram hjá vitninu um Rauðarárstíg, en vitnið varð ekki fyrir neinum truflunum af þeim. Er vitnið var alveg að aka út í gatnamót Flókagötu, kom stór vörubifreið fram með hægri hlið þess. Allt gekk með felldu, þar til bifreiðinni var beygt allt í einu til vinstri inn í Flókagötu. Hemlaði þá vitnið, en þá lenti eitthvað á því og féll það ásamt reiðhjóli þess í götuna. Eftir þetta man vitnið ekkert eftir sér, fyrr en uppi á Landspítala.

Vitnið Christian Harald Hyldal Christensen, Klömbrum við Rauðarárstíg, hefur skýrt frá því, að það hafi verið á leið vestur Flókagötu á bifreiðinni R 6603, er umrætt slys varð. Vitnið kvaðst hafa komið auga á vörubifreið með vagni aftan í, er kom norður Rauðarárstíg. Var hún komin að gatnamótum Flókagötu, en vitnið átti 50—100 metra ófarna að þeim. Í því er vitnið kom auga á bifreiðina, sá það eitthvað fljúga aftur af henni og falla í götuna. Hélt hann fyrst, að eitthvað, sem það vissi ekki hvað var, hefði fallið af bifreiðinni. Taldi vitnið, að vörubifreiðin hefði eitthvað verið farin að beygja, er þetta gerðist. Vörubifreiðinni var svo ekið áfram vestur Flókagötu. Vitnið gat ekki sagt fyrir víst um hraða vörubifreiðarinnar, en hann var ekki óeðlilegur, að vitninu fannst. Vitnið hafði ætlað að veita vörubifreiðinni eftirför, en er það kom á slysstaðinn, sá það dreng liggja í götunni. Vitnið nam staðar og hélt að drengnum. Lá hann á grúfu rétt við vesturhorn gatnamótanna, aðeins inni á Rauðarárstíg. Hann lá næstum þvers um miðað við Rauðarárstíg, sneru fætur hans að vestari gangstétt Rauðarárstígs, en höfuðið út á götuna. Drengurinn, er var meðvitundarlaus, hélt höndunum undir andlitinu. Reiðhjól lá hjá drengnum, en hvar það lá, kvaðst vitnið ekki geta tilgreint nánar. Vitnið hafði farið á brott af slysstaðnum, en er það kom aftur, var búið að færa drenginn til. Vitnið kvaðst hafa þekkt strax, að umrædd bifreið var frá bæjarsímanum.

Vitnið Gísli Guðmundsson, Flókagötu 58, kom á slysstaðinn

rétt eftir að slysið varð, en það hafði verið á gangi vestur Flókagötu. Vitnið var komið nærri umræddum gatnamótum, er það sá dreng liggja í götunni og reiðhjól hjá honum. Vitnið hraðaði sér á sjálfan slysstaðinn ásamt síðastnefndu vitni. Alveg í því að vitnið kom auga á drenginn, sá það stóra vörubifreið á leið vestur Flókagötu, og var hún komin að gatnamótum Gunnarsbrautar, er vitnið kom auga á hana. Vitnið sá ekki skrásetningarkerki bifreiðarinnar og kvaðst ekki geta borið um ökuhraða hennar fyrir víst. Vitninu fannst þó bifreiðinni ekið greitt, sakir þess hve fljótt hún hvarf fyrir hornið norður Gunnarsbraut. Drengur sá, sem fyrir slysinu varð, hreyfði sig fyrst á eftir og umlaði í honum, en svo missti hann meðvitund. Vitnið kvað drenginn hafa legið alveg á vesturhorni Rauðarárstígs og Flókagötu. Taldi það hann hafa lagzt á hægri hliðina. Drengurinn sneri næstum þvers um miðað við Rauðarárstíg og höfuð hans sneri í norðvestur.

Vitnið Hjörtur Guðmundsson, Mávahlíð 10, kom á slysstaðinn, eftir að slysið var orðið. Lá drengurinn þá hreyfingarlaus í götunni, en svo fór hann að brjótast um. Reiðhjól lá fyrir vestan drenginn, fast við hann. Drengurinn lá hreyfingarlaus ofan í polli við gangstéttarhornið á hægri hliðinni, krepptur, og vísaði höfuð hans út á götuna. Drengurinn virtist koma til meðvitundar og tók þá að hreyfa sig og hljóða. Vitnið færði drenginn upp úr pollinum og upp á klakahrygg, og var hann þar, þar til sjúkrabifreið kom á vettvang.

Samkvæmt vottorði Friðriks Einarssonar lækni, dagsettu 8. maí s.l., hlaut Leifur Jónsson þessi meiðsli:

„Hinn 22. marz 1957, kl. 14.35, var komið á Handlæknisdeild Landspítalans með sjúkling, sem sagður var heita Leifur Jónsson, vera fæddur 8. marz 1947 og eiga heima að Rauðarárstíg 7, Reykjavík.

Svo var frá skýrt, að sjúklingurinn hefði orðið fyrir bíl um kl. 14.00, þar sem hann hafi verið hjólandi á götu, en a.ö.l. liggja ekki fyrir upplýsingar um tildrög slyssins. Sjúklingurinn var fluttur á Slysavarðstofuna, en þaðan á Handlæknisdeild Landspítalans.

Við komu hingað var drengurinn við meðvitund og svaraði, ef á hann var yrt, en mundi ekki eftir slysinu.

Við skoðun fannst 1) höfuðkúpubrot, 2) smá sár á höfði, 3) blæðing undir höfuðleður og 4) glóðarauga h. megin.

Sjúklingurinn var nokkuð sljór fyrstu 1—2 sólarhringana, en fór síðan batnandi. Hann hafði væga lömum á vinstri hendi og fleiri einkenni, sem bentu á mar á heila.

Honum leið vel, er hann útskrifaðist af spítalanum 6/4. 1957.“

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir ákærði hafa sýnt óvarfærni í akstri, er hann beygði af Rauðarárstíg vestur Flókagötu. Hefði ákærða borið að sýna sérstaka varfærni, þar sem hann var með vagn aftan í bifreiðinni, sem hætta var samfara. Þykir ákærði með þessari óaðgæzlu sinni hafa átt sinn þátt í slysinu og þannig gerzt brotlegur gegn 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 27. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941, 46. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930. Ekki verður hins vegar séð, að 1. tl. 7. gr., sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 72/1937 eigi við um atferli ákærða.

Hefur ákærði þannig unnið til refsingar og sviptingar ökuleyfis samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga.

## II.

Mánudaginn 2. september s.l. kl. 17.00 varð árekstur á Skúlagötu, hér í bæ, á móts við Landssmiðjuna. Tildrög árekstrarins höfðu verið þau, að ákærði hafði ekið bifreiðinni R 6985 austur Skúlagötu. Er hann kom að innkeyrslunni að Landssmiðjunni, beygði hann inn að henni. Bar þá að bifreiðina R 524, er var á leið austur götuna og átti að aka fram úr bifreiðinni R 6985. Skipti engum togum, að árekstur varð á milli bifreiðanna. Skall vinstri framaurhlíf R 524 á framvara R 6985 hægra megin. Urðu sjáanlegar skemmdir á R 524 þær, að vinstri afturaurhlíf rifnaði og beyglaðist og hjólbarði skemmdist, en á R 6985, að framvari beyglaðist. Samkvæmt uppdrætti stendur bifreiðin R 6985 á nyrðri helmingi Skúlagötu eða sínum vinstri vegarhelmingi, nokkuð á ská í götunni, þannig að framhlutinn snýr inn að miðju götunnar. Bifreiðin er nokkra metra fyrir vestan innkeyrsluna að Landssmiðjunni. Hemlaför aftur af bifreiðinni eru 4 metrar. Fyrir austan innkeyrsluna, talsvert fyrir framan bifreiðina R 6985, er bifreiðin R 524 á sínum vinstri vegarhelmingi nokkuð inni á götunni. Bjartviðri var, er áreksturinn varð, og færi þurr. Yfirborð vegarins á árekstrarstaðnum er malbikað. Bifreiðin R 524 er 6 manna fólksflutningabifreið.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi ekið hægt austur Skúlagötu, er umræddur árekstur varð. Taldi hann sig hafa ekið

með um 20 km hraða. Loftþessa var tengd aftan í bifreið hans. Er ákærði nálgast innkeyrsluna að birgðahúsi Landssmiðjunnar bak við Áfengisverzlun ríkisins, dró hann úr ferðinni og leit í spegil, sem er yfir mælaborði bifreiðarinnar. Sá hann ekkert farartæki nálgast. Beygði ákærði nú til hægri inn að áðurnefndri innkeyrslu og leit um leið aftur með bifreiðinni hægra megin. Heyrði hann þá, að stjórnandi bifreiðarinnar R 524 gaf hljóðmerki og kom hann um leið auga á bifreið þessa, er komin var á hlið við bifreið hans. Ákærði hemlaði strax, og þegar bifreið hans var að stöðvast, varð áreksturinn. Rákust bifreiðarnar saman með þeim hætti, að vinstri afturhlíf bifreiðarinnar R 524 lenti á hægra framvarahorni bifreiðar ákærða. Sprakk á hjólbarda bifreiðarinnar R 524 við áreksturinn. Ákærði kvað bifreiðinni R 524 ekki hafa verið ekið hratt, en hún var ekki stöðvuð, fyrr en hún var komin talsvert austur fyrir bifreið ákærða. Ákærði kvað stefnuljós ekki vera á bifreið sinni.

Vitnið Anna Ingólfssdóttir, Bakkastíg 8, ökumaður R 524, hefur skýrt frá því, að það hafi ekið á eftir bifreið ákærða austur Skúlagötu með 25—30 km. hraða. Taldi vitnið, að ákærði hefði ekið með svipuðum hraða. Á móts við Áfengisverzlun ríkisins hugðist vitnið aka fram úr bifreið ákærða og hafði farið yfir á hægri vegarhelming í því skyni. Vitnið gaf hljóðmerki tvisvar og taldi, að ákærði hefði orðið var við bifreið þess. Vitnið hafði aukið ferðina til að komast fram hjá bifreið ákærða. Vitnið vissi svo ekki fyrr til en högg kom á bifreið þess aftan til. Kom vitninu það svo á óvart, að það hemlaði ekki strax, en ók áfram nokkurn spöl. Vitnið kvað ákærða ekki hafa gefið neitt merki um, að hann ætlaði að beygja þarna. Stefnuljós voru ekki á bifreið ákærða, að því er vitnið bezt vissi.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þá þykir ákærði ekki hafa sýnt nægilega aðgæzlu í akstri, er hann beygði að margnefndri innkeyrslu, án þess að gefa nokkurt merki um það né huga nægilega að umferðinni um Skúlagötu á eftir sér, með þeim afleiðingum, að árekstur varð við bifreiðina R 524.

Þykir ákærði með þessu atferli sínu hafa gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 27. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 46 gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Hefur ákærði þannig unnið til refsingar.

## III.

Frá 24/7 1953 til 23/9 1957, er ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, hefur hann lent í 17 umferðarslysum, þar af 7 það sem af er þessu ári. Í þessum slysum hefur fólk meiðzt þrisvar sinnum, þar af í tveimur alvarlega. Svo virðist, sem gálauslegur akstur ákærða sé orsök flestra slysanna. Með þessu atferli sínu þykir ákærði hafa sýnt, að það sé varhugavert með tilliti til öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi.

## IV.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 2000.00 sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, þykir rétt samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá 23. september 1957.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hrl., kr. 1500.00.

## Dómsorð:

Ákærði, Gizur Karl Guðmundsson, greiði 2000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal frá 23. september 1957 sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hrl., kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---